

Samþykkt um hundahald í Breiðdalshreppi

Samþykkt af sveitarstjórn Breiðdalshrepps 30. nóvember 2011

Samþykkt um hundahald

Almennt - stjórnarsýsla	3
1.....	3
2. <i>Dýraeftirlitsmenn</i>	3
3. <i>Þéttbýli - dreifbýli</i>	3
4. <i>Dýravernd og ræktun</i>	3
Hundahald.....	3
5. <i>Skráningarskylda</i>	3
6. <i>Gögn sem þarf að framvísa við skráningu</i>	4
7. <i>Takmarkanir á hundahaldi</i>	4
7.1. <i>Húsnæði - fjöleignahús</i>	4
7.2. <i>Takmarkanir á tegundum hunda</i>	5
Skyldur aðila.....	5
8. <i>Skyldur sveitarfélaga</i>	5
9. <i>Skyldur eftirlitsaðila</i>	5
10. <i>Skyldur forsvarmanna / hundaeigenda</i>	5
Brot á samþykkt vegna hundahalds.....	6
11.....	6
12. <i>Lausagönguhundar</i>	7
13. <i>Bit og hætta</i>	7
5. kafli. Gjaldtaka.....	7
14. <i>Skráningargjald</i>	7
15. <i>Handsömunargjald</i>	8
16. <i>Forsendur upphæða</i>	8
17. <i>Undanþágur frá gjaldskyldu</i>	8
Valdsvið og þvingunarúrræði.....	8
Gildistaka	8

Samþykkt um hundahald

Almennt - stjórnarsýsla

1.

Hundahald er takmarkað í Breiðdalshreppi með skilyrðum samkvæmt samþykkt þessari.

2. *Dýraeftirlitsmenn*

Sveitarstjórnir annast framkvæmd samþykktar þessarar og geta ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélaganna hlutverk dýraeftirlitsmanna. Dýraeftirlitsmenn geta leitað aðstoðar lögregluvalda, ef og þegar þörf krefur, t.d. ef hundur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili hundsins tálmar starfi eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðissjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja hund.

Að öðru leyti starfar dýraeftirlitsmenn undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf

3. *Þéttbýli - dreifbýli*

Með þéttbýli er átt við þyrpingu húsa þar sem búa a.m.k. 50 manns og fjarlægð milli húsa fer að jafnaði ekki yfir 200 metra (sbr. skipulags- og byggingarlög 1997 nr. 73/1997) nema ef sveitarfélag hefur skilgreint þéttbýli nánar í sínu aðalskipulagi.

4. *Dýravernd og ræktun*

Samkvæmt lögum um dýravernd nr. 15/1994 fer Umhverfisstofnun með mál er varða dýravernd.

Um ræktun og sölu hunda gilda ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni og þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir slíkri starfsemi.

Hundahald

5. *Skráningarskylda*

Allir hundar eru skráningarskyldir hjá viðkomandi sveitarstjórn. Skylt er að sækja um skráningu hunds til viðkomandi sveitarstjórnar áður en hundur er tekið á heimili og eigi síðar en tveim vikum seinna. Fyrir hvolpa skal sækja um leyfi eigi síðar en þegar þeir ná 3ja mánaða aldri.

Dveljist hundur tímabundið á eftirlitssvæðinu skal skrá hann til bráðabirgða, slík skráning gildir þó aldrei lengur en 3 mánuði. Skráning skal fara fram sem fyrst og ekki seinna en innan 2ja vikna frá því að hundur kom inn í viðkomandi sveitarfélag. Um gestahunda gilda öll ákvæði þessarar samþykktar.

Hund skal skrá á nafn og heimili lögráða einstaklings sem hefur lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi og á það heimilisfang þar sem hundurinn er haldinn. Framsal leyfis er óheimilt. Ekki skal skrá fleiri en tvo hunda á sama heimili.

Við skráningu hunda getur sveitarfélagið leitað umsagnar lögreglu og annarra eftirlitsumdæma telji það ástæðu til.

6. Gögn sem þarf að framvísa við skráningu

Eftirfarandi gögn skal leggja fram við skráningu hunds:

- Undirrituð umsókn (umsóknareyðublöð fást á sveitarstjórnarskrifstofum).
- Upplýsingar um heiti, fæðingardag, kyn, tegund og önnur einkenni hundsins
- Mynd af hundinum
- Vottorð frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu samanber 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.
- Vottorð frá dýralækni um ormahreinsun hundsins, samanber 57. gr. hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002.
- Staðfesting frá yðurkenndu tryggingafyrirtæki um að hundurinn sé tryggður gagnvart skaða sem hann kann að valda á munum, gróðri, öðrum gæludýrum, skepnum og mönnum. Lágmarkstryggingarupphæð verði kr. 10.000.000,- (tíu milljónir).
- Samþykki allra meðeigenda fjöleignahúss, ef við á, sbr. gr. 7.

Óheimilt er að gefa út skráningarskírteini nema ofangreind gögn liggja fyrir og skráningargjald hafi verið greitt..

Skráðum eiganda hunds ber að tilkynna skriflega innan mánaðar aðsetursskipti eða fráfall hunds.

Heimilt er að afturkalla skráningu hunds ef vanhöld verða á ormahreinsun, tryggingum eða greiðslu skráningargjalda.

Sveitarstjórn er heimilt að hafna beiðni um skráningu hunds ef umsækjandi og/eða dýrið hafa áður og/eða ítrekað gerst brotleg við samþykkt um hundahald í sveitarfélaginu eða annars staðar. .

Dýraeigandi á rétt á skriflegum rökstuðningi ef ósk um skráningu hunds er hafnað, einnig gilda ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um andmælarétt

7. Takmarkanir á hundahaldi

7.1. Húsnæði - fjöleignahús

Óleyfilegt er að halda hund þar sem enginn býr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að í húsnæði í eigu sveitarfélags sé ekki heimilt að halda dýr.

Um hundahald í fjöleignarhúsum fer að 13. tl. A-liðar 41. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús. Ef sótt er um að halda hund í fjöleignarhúsi, skal skriflegt samþykki allra umráðamanna íbúða í sama stigagangi fylgja umsókn, einnig eigenda viðkomandi húsnæðis sé um leiguhúsnæði að ræða. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjöleignarhúsi þar sem sér inngangur fylgir íbúð, þarf ekki samþykki allra íbúðaeigenda heldur aðeins aðliggjandi íbúða jafnvel þótt um sé að ræða annars konar sameiginlegt húsrými eða sameiginlega lóð, enda er öll viðvera og/eða umferð hunds um slíkt rými stranglega bönnuð. Brot á því telst alvarlegt brot á samþykkt þessari og skilyrðum leyfisins og varðar sviptingu þess

Afla skal samþykkis nýrra íbúðaeigenda í íbúðum þar sem hundur er fyrir. Íbúðaeigendur geta skriflega afturkallað samþykki sitt. Við afturköllun samþykkis eða synjun nýrra íbúðaeigenda skal hundeigandi fá hæfilegan frest til þess að finna hundinum annan samastað.

Óheimilt er að halda hunda í fjöleignarhúsum ef hundur sannanlega veldur eða viðheldur sjúkdómum hjá íbúum.

7.2. Takmarkanir á tegundum hunda

Bannað er að halda hunda af þeim tegundum sem óheimilt er að flytja til landsins skv. ákvörðun landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra.

Skyldur aðila

8. Skyldur sveitarfélaga

- 8.1. Sveitarfélagi ber að afhenda forsvarsmanni skráningarskírteini eða staðfestingu á að hundur hafi verið skráður til heimilis í viðkomandi sveitarfélagi.
- 8.2. Sveitarfélög skulu tryggja viðurkennda dýrageymslu sem hefur leyfi Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar skv. hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 m.s.br., til vörslu hunda sem þarf að fanga vegna lausagöngu eða brota á samþykkt þessari.
- 8.3. Sveitarfélögum ber að afhenda dýraeftirlitsmönnum og heilbrigðiseftirliti lista yfir dýr sem eru á skrá.
- 8.4. Bæjarstjórn getur ákveðið að merkja ákveðin svæði þar sem ekki má vera með hunda, svo sem á fólkvöngum og útivistarsvæðum. Einnig getur bæjarstjórn ákveðið að láta afmarka ákveðin svæði þar sem sleppa má hundum lausum. Svæði þessi skulu auglýst og kynnt sérstaklega fyrir hundaeigendum.

9. Skyldur eftirlitsaðila

- 9.1. Dýraeftirlitsmenn skulu halda saman og uppfæra skrá yfir hunda í viðkomandi sveitarfélagi. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar sem dýraeftirlitsmaður telur skipta máli þ.m.t. hvenær hundarnir hafa verið ormahreinsaðir og öll afskipti sem eftirlitsaðilar hafa haft af dýrinu.
- 9.2. Heilbrigðisfulltrúar, lögregla og eftir atvikum aðrir starfsmenn sveitarfélaga skulu tilkynna dýraeftirlitsmanni um kvartanir og/eða afskipti sem þessir aðilar hafa vegna hunda.
- 9.3. Dýraeftirlitsmenn vinna í ábyrgð heilbrigðisnefndar og skv. verklagsreglum sem Heilbrigðisnefnd samþykkir.

10. Skyldur forsvarmanna / hundaeigenda

- 10.1. Hundaeiganda ber að sjá til þess að hundur hans sæti ekki illri meðferð. Umhirða hunds skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni m.a. eftirfarandi: Óheimilt er að hafa hund tjóðraðan án eftirlits ábyrgs aðila. Aðeins er heimilt að tjóðra hunda í undantekningartilvikum ef nauðsyn ber til og þá einungis í stuttan tíma í senn og ekki lengur en sex klst.
- 10.2. Hundaeigendum er skylt að færa hunda sína árlega til ormahreinsunar hjá dýralækni og að afhenda sveitarfélaginu staðfestingu á að ormahreinsun hafi farið fram.
- 10.3. Hundaeigendum er skylt að hafa hunda sína tryggða gegn tjóni sem þeir kunna að valda og skulu árlega framvísa til sveitarfélags staðfestingu frá viðurkenndu tryggingarfélagi um greiðslu tryggingargjaldsins, sbr. gr. 6.
- 10.4. Forsvarsmönnum / hundaeigendum ber árlega að greiða skráningargjald fyrir hund sinn skv. gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags.
- 10.5. Þegar hundur er í festi á lóð skal lengd festarinnar við það miðuð að þeir sem réttmætt erindi eiga inn á lóðina geti óhindrað sinnt þeim.

- 10.6. Hundur skala hafa ól um hálsinn og á ólinni skal vera merkiplata með nafni hunds, símanúmeri og heimili eiganda.
- 10.7. Hundur skal aldrei ganga laus heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum eða í tryggu gerði innan lóðar.
- 10.8. Utan þéttbýlismarka er heimilt að sleppa hundi lausum undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda.
- 10.9. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálssir á landareign eigenda sinna. Að öðru leyti skulu slíkir hundar háðir ákvæðum samþykktar þessarar.
- 10.10. Umráðamönnum hunda er alltaf skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.
- 10.11. Hundeiganda eða umráðamanni hunds er skylt að sjá til þess að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum, óþrifnaði eða verði mönnum til óþæginda á neinn annan hátt t.d. með stöðugu eða ítrekuðu gelti eða ýlfri.
- 10.12. Ef hundur veldur nágrönnum eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða tjóni, þá ber eiganda eða forráðamanni hundsins að leita leiða til að koma í veeg fyrir slíkt.
- 10.13. Hafi eigandi ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hundur hans sé ávallt mýldur utan heimilis síns.
- 10.14. Eigi er leyfilegt að hafa með sér hunda þó í taumi séu inn í opinberar stofnanir, skólahús, matvöruverslanir eða aðra þá staði sem um ræðir í fylgiskjali 3 í reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, matvælafyrirtæki, samkvæmt ákvæðum reglugerðar um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla nr. 522/1994

Framangreindir staðir eru m.a. eftirfarandi:

Vatnsveitur, vatnsból og verndarsvæði þeirra, brunnar og sjóveitur.

Almennings- og útisalerni.

Hvers konar sorpgeymslur og sorpförgunarstaðir.

Gististaðir, veitingastaðir og matsölustaðir.

Tjald- og hjólhýsasvæði, nema skv. ákvörðun umsjónaraðila.

Húsakynni þar sem geymd eru, framleidd eða seld matvæli.

Skólar, kennslustaðir, barnaheimili og gæsluvellir.

Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrti- og sólbaðsstofur.

Heilbrigðisstofnanir, hæli, heilsuræktar- og íþróttastöðvar og baðstaðir.

Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.

Samkomuhús hvers konar og almennar skrifstofur.

Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.

Almenn samgöngutæki.

Ekki má heldur hleypha hundum inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð um neysluvatn og ölkelduvatn eða inn á verndarsvæði þeirra, þ.e. brunnsvæði. Bannað er að fara með hunda á almennar útisamkomur, brennur og/eða flugeldasýningar.

- 10.15. Hundaeiganda ber að hlíta lögum og reglum, er hundahald varðar svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur.

Brot á samþykkt vegna hundahalds

11.

Vegna brota á samþykkt þessari vísast til VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla skráningu/leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi telji hún það nauðsynlegt í þágu hollustuhátta og öryggismarkmiða.

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað vegna sama hunds eða sama hundaeiganda afturkallast viðkomandi skráning vegna hundahalds.

Sé um alvarlegt eða ítrekað brot á samþykkt þessari að ræða eða sinni hund eigandi eða umráðamaður hunds ekki fyrir mælum eftirlitsaðila um úrbætur eða breytingu á hegðan hunds getur sveitarstjórn með fulltingi heilbrigðiseftirlits afturkallað skráninguna, bannað viðkomandi eiganda að vera með hund á eftirlitssvæðinu, gert hund eiganda að mýla hundinn eða að koma hundinum fyrir á öðrum stað, viðurkenndum af eftirlitsaðila eða látið fjarlægja hundinn.

Leyfishafa er skylt að greiða kostnað sem leiðir af brotum á samþykkt þessari.

12. Lausagönguhundar

Hunda sem ganga lausir á almannafæri er heimilt að handsama og færa í sérstaka dýrageymslu, sbr. gr. 8.3.

Handsömun á ómerknum hundi skal auglýsa tryggilega, t.d. í staðarblaði.

- Óheimilt að afhenda hundinn fyrir en búið er að skrá hann í samræmi við 5 gr. .
- Eigandi hundsins getur fengið hann afhentan að aflokinni skráningu, og gegn framvísun á staðfestingu fyrir greiðslu skráningargjalds og handsömunargjalds auk annars áfallins kostnaðar vegna brotsins, sbr. gjaldskrá viðkomandi sveitarfélags.
- Gefi eigandi óskráðs hunds sig ekki fram innan sjö sólarhringa getur dýraeftirlitsmaður tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður, ráðstafað honum til nýs ábyrgs eiganda eða selt hann fyrir áföllnum kostnaði.
- Sé skráður hundur handsamaður skal tilkynna eiganda strax um handsömun hans og hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér. Ef eigandi vitjar hunds eigi innan sjö sólarhringa getur dýraeftirlitsmaður tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður án frekari fyrirvara, ráðstafað honum til nýs ábyrgs eiganda. Áfallinn kostnaður greiðist af eiganda.

13. Bit og hætta

Hafi hundur bitið mann, skepnu, gæludýr og/eða er hættulegur getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðiseftirlit, tjónþoli eða forráðamaður hans krafist þess að hundurinn verði aflífaður þegar í stað.

Óski hund eigandi þess skal leita álits sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundapjálfa sem Heilbrigðiseftirlit viðurkennir áður en ákvörðun um aflifun er tekin.

Meðan mál hunds er í skoðun er eiganda skylt að hafa hundinn í samþyktri dýrageymslu eða mýla hundinn þegar hann er utandyra.

5. kafli. Gjaldtaka.

14. Skráningargjald

Sveitarstjórnnum á Austurlandi er heimilt að innheimta skráningar- og eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá sem viðkomandi sveitarfélag setur á grunni 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 m.s.br. og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjaldskrána skal birta í B-deild Stjórnartíðinda

Í gjaldskránni skal koma fram hvað er innifalið í skráningargjaldi.

Skráningargjald skal í fyrsta sinn greitt við skráningu hunds og síðan árlega. fyrirfram. Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

15. Handsömunargjald

Í gjaldskránni skal ákveðið handsömunar- og vörslugjald vegna handsömunar lausagönguhunda eða hunda sem teknir eru í vörslu á vegum sveitarfélaga vegna brota á samþykkt þessari.

16. Forsendur upphæða

Við ákvörðun gjalda skal tekið mið af þeim kostnaði, sem leiðir af framkvæmd þessarar samþykktar.

Gjöld mega aldrei vera hærri en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitt þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum.

17. Undanþágur frá gjaldskyldu

Hundar sem notaðir eru við búrekstur á lögbýlum eru undanþegnir skráningargjaldi, en skylt er að framvísa til sveitarfélags eða dýragæslumanns árlegu vottorði um ormahreinsun og merkingu.

Sveitarstjórn getur fellt niður eða ákveðið lægra gjald fyrir hunda sem notaðir eru til löggæslu- eða björgunarstarfa og minkahunda svo og fyrir hunda sem að læknisráði eru notaðir til aðstoðar blindu fólki og fötluðu.

Valdsvið og þvingunarúrræði

18.

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum rúmist þau jafnframt innan refsíákvæða hlutaðeigandi laga, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Skulu þau brot sæta þeirri málsmeðferð sem boðin er í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gildistaka

19.

Samþykkt þessi sem er samin af Heilbrigðiseftirliti Austurlands og samþykkt í sveitarstjórn Breiðdalshrepps þann 30. nóvember 2009 staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið fellur úr gildi eldri samþykkt um hundahald í Breiðdalshreppi.

Ákvæði til bráðabirgða

Leyfi til hundahalds á eftirlitssvæðinu, sem veitt hafa verið fyrir gildistöku samþykktar þessarar, verður breytt í skráningu. Að öðru leyti gildir samþykktin að fullu um þau leyfi.

Hundar sem ekki eru á skrá viðkomandi sveitarfélags skulu færð til skráningar fyrir 31.12.2009